

Reykjavík þann. 07.6.2011  
Kl. 20:00

## Fundagerð TKÍ

Mættir úr stjórn TKÍ eru:

Ágúst Örn Guðmundsson (Á), Erna Héðinsdóttir (E), Hulda Rún Bertudóttir (H), Richard Már Jónsson (R), Sigríður Stefanía Hlynsdóttir (S)  
Varamaður  
Guðrún Halldóra Vilmundardóttir (G)

### 1. Skipting á verkum innan stjórnar (gjaldkeri, ritari, varaformaður)

Richard Már Jónsson – formaður  
Ágúst Örn Guðmundsson – varaformaður  
Sigríður Stefanía Hlynsdóttir – gjaldkeri  
Erna Héðinsdóttir - ritari  
Hulda Rún Jónsdóttir – meðstjórnandi

Guðrún H. Vilmundardóttir – varamaður  
Arnar Bragason – varamaður  
Jakob Samúel Antonsson - varamaður

### 2. Undirbúningur fyrir framhalds ársþing (bókhald 2010)

Er að verða tilbúið – búið að fá skýringar á flestum málum og á að vera klárt.

### 3. Styrkumsókn Hlyns v/ferðar til Azerbaijan

Frestað til næsta fundar og beðið um nákvæmari umsókn frá Hlyn t.d. hvaða upphæð er sótt um og hvað hann vill leggja að mörkum til sambandsins s.s. dómaraámskeið og uppfærslur á dómarareglum.

### 4. Stefnumörkun stjórnar fyrir starfsárið (þar á meðal hlutfallsleg skipting rekstrarfjármuna).

Það þarf að skoða hvernig fjármunum er skipt á milli mismunandi málefna innan íþróttarinnar.

- Landslið
- Mótahald
- Viðburðir
  - Mikið af meisturum innan TTU sem mætti fá til landsins.
  - Nýta tengsl ÍR inn í TTU til að fá meistara við hæfi.
  - Halda opnar æfingar og æfingabúðir með hlutlausum meisturum (Hulda)
- Kynning og fræðsla
  - Hugmynd að landsliðsþjálfararnir fari inn í félögin og kynni.

- Skoða hvernig er hægt að nýta fjölmiðla betur og koma jákvæðri umfjöllun á framfæri um íþróttina. Þyrfti að nota einhverja fjármuni til að fá fagmenn til að taka upp og gera góð myndbönd.
  - Búa til kynningarbæklinga sem hægt er að dreifa á mótstöðum.
  - Nýta betur síður eins og facebook
  - Heimasíða TKÍ – fjallað um hvernig við komum á fréttum á framfæri þar.
  - Allir viðburðir settir inn á dagatal.
- Þjálfaramál
    - Þjálfaranámskeið ÍSÍ og skoða hvernig TKÍ þarf að koma að þeim til að þátttakendur fái fullgild réttindi. Þurfum að skoða hvernig námskeiðin fara fram og hvað við þurfum að gera á móti.

## 5. Mótahald (á TKÍ að koma bikarmótaröð af stað?)

Koma á þremur bikarmótum á ári. TKÍ heldur utanum mótin en í samvinnu við félögin. Verður Bikarmót TKÍ. Setja saman Bikarmótanefnd sem ynni með stjórn TKÍ og haldi utanum formsatriði mótanna.

- Sparring og pumse
- Laugardagur fyrir hádegi 11 og yngri, eftir hádegi 12 ára og eldri (afmælisdagur gildir)
- Sunnudagur – fullorðnir. Pumse f.h. og sparring e.h.
- Hugmynd að hafa liðakeppni með á Bikarmótum.

## 6. Kynningarmál (Koma af stað vinnu/undirbúningi að kynningum fyrir vetrarstarfið, þarf að vera klárt fyrir ágúst byrjun).

Plakat – koma borðum inn á heimasíður – heimsóknir landsliðsþjálfara í félögin. Heimsóknir í skóla. (sjá lið 4)

## 7. Starfsáætlanir landsliðsþjálfara (hvaða mót þarf að fara á, æfingabúðir oflfr)

Þurfum að fá áætlanir frá landsliðsþjálfurum.

Scandinavian open 5. nóv. Norðurlandamót og eitthvað annað eftir áramót t.d. Danish open. Fá dagsetningar frá Huldu. Meisam var búinn að senda inn dagsetningar á töluvert mörgum mótum. Verður skoðað betur síðar.

## 8. Æfingabúðir og aðrir viðburðir sem TKÍ þarf að koma að á starfsárinu.

Hefur verið rætt undir öðrum liðum.

## 9. Önnur mál

Fundartími – fastir fundir 15. hvers mánaðar. Erindi þurfa að berast skriflega fyrir fund. Aukafundir þess á milli eftir þörfum.

Umræður um að búa til handbók stjórnar TKÍ þar sem verklagsreglur m.a. um afgreiðslu mála koma fram. Einnig að búa til form fyrir algengustu erindi s.s. styrktarumsóknir.

Næsti fundur 15. júní kl. 20:00

Fundi slitið 21:40